

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 618/1996 vegna hundahalds í Garðabæ.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. febrúar ár hvert.

2. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. janúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 16

6. janúar 1999

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A. Sorpeyðing	kr. á ári
Íbúðarhús	5.000
Atvinnurekstur, bújarðir, garðyrkjustöðvar o. fl.	8.000
Sumarhús	3.000
Stærri atvinnurekstur- sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:	
Flokkur	kr. á ári
a)	10.000
b)	20.000
c)	30.000
d)	70.000
e)	100.000
f)	150.000

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra og magni úrgangs.

B. Sorphreinsun	kr. á ári
Sótt vikulega, íbúðarhús	3.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Hrunamannahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast